

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Garðar Ólason, Hrísey, skipstjóri á m/b Hauki I. frá Ólafsfirði, greiði 29.500 króna sekt, er renni í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 6 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Þá skulu og veiðarfæri m/b Hauks I., þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli skipsins vera upptækt og verða eign nefnds sjóðs. Þá greiði dómfelldi og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. nóvember 1949.

Nr. 87/1949. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)

gegn

Geir Ragnari Gíslasyni (Sveinbjörn Jónsson)

og

Hauki Hjartarsyni (Kristján Guðlaugsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson
og próf. Ármann Snævarr í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-
björnssonar.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að kærði Haukur hirti hagnaðinn af áfengis-sölunni 2. október 1948.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóm-inn, þó svo, að greiðslufrestur sektar hvors hinna kærðu ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Hvor hinna kærðu greiði málflutningslaun skipaðs verj-anda síns fyrir Hæstarétti, kr. 350.00. Allan annan áfrýj-unarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00, greiði kærðu in solidum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar hvors hinna kærðu sé 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði Geir Ragnar Gíslason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 350.00, og kærði Haukur Hjartarson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 350.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Eggerts Claessens, kr. 500.00, greiði báðir hinir kærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. janúar 1949.

Ár 1949, laugardaginn 15. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 230—231/1949: Valdstjórnin gegn Hauki Hjartarsyni og Geir Ragnari Gíslasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. janúar sl., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Hauki Hjartarsyni verkamanni, til heimilis á Háaleitisveg 24, og Geir Ragnari Gíslasyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Hrisateig 39, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður Haukur er fæddur 24. júní 1926 á Akranesi. Hefur hann hvorki sætt kærú né refsingu fyrr, svo að kunnugt sé.

Kærður Geir Ragnar er fæddur 23. júlí 1925 í Galtarvík í Skilamannahreppi. Hefur hann sætt kærú og refsingum, sem hér segir:

1947 11/6 Sátt, 60 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1947 23/10 Sátt, 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1947 27/11 Áminning fyrir ljósleysi á bifreið.

1947 19/12 Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna.

1948 6/10 Áminning fyrir brot gegn 28. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardaginn 2. október sl. voru kærðir staddir uppi á Akranesi. Kærður Haukur seldi þar tvær flöskur af brennivíni á kr. 100.00 hvora. Flöskur þessar átti kærður Geir Ragnar. Hirti hann einn ágóðann. Viðurkenndu þeir sölu þessa í réttarhaldi á Akranesi hinn 13. nóvember sl.

Laugardaginn 13. nóvember fóru kærðir upp á Akranes. Seldi kærður Haukur þar 8 flöskur af brennivíni á kr. 100.00 hverja. Ferð þessi var ráðin sameiginlega af kærðum og meðfram í því skyni að selja áfengi.

Ágóðanum af sölunni skiptu þeir á milli sín. Sölu þessa viðurkenndu þeir einnig í réttarhaldinu 14. nóv. sl. á Akranesi.

Ferðir þessar höfðu þeir farið í bifreið kærðs Geirs Ragnars, R-6052.

Er kærðir voru kvaddir hér fyrir rétt 4. desember sl., bregður svo við, að kærður Haukur heldur því fram, að gætt hafi misskilnings í réttarrannsókninni á Akranesi, hann einn beri alla ábyrgðina. Kærður Geir Ragnar hafi hvergi komið þar nærri. Kærður Geir Ragnar heldur hinu sama fram, hann hafi ekki átt nokkurn þátt í þessari áfengissölu kærðs Hauks.

Þegar þess er gætt, að í endurritinu af réttarrannsókninni á Akranesi stendur skýrum stöfum, að kærðir hafi báðir játað á sig framanritaðar áfengissölur, og til frekara öryggis voru þeir látnir rita nöfn sín undir játningar þessar, og hvorugur hinna kærðu hefur mótmælt undirskrift sinni hér fyrir rétti, þá litur rétturinn svo á, að ekki sé ástæða til að taka til greina þessa afturköllun Geirs Ragnars. Svo skýrt er að orði kveðið í réttarrannsókninni um játningu kærðra á áfengissölunum, að útilokað er, að kærður hafi misskilið rannsóknardómarann.

Samkvæmt framanskraðu er því sannað talið, að kærðir hafi selt áfengi. Hafa þeir því gerzt sekir um brot gegn 15. gr. áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935. Samkvæmt 33. gr. þeirra laga og með hliðsjón af lögum nr. 14 8. marz 1948, þykir refsing hinna kærðu hvors um sig hæfilega ákveðin kr. 4000.00 í sekt til Menningarsjóðs. Komi 55 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma kærðu in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar annars en málsvarnarlauna til skipaðs talsmanns kærðs Geirs Ragnars, Jóns Hallvarðssonar lögfræðings. Þykja málsvarnarlaunin hæfilega ákveðin kr. 250.00.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Dómsorð:

Kærðir, Haukur Hjartarson og Geir Ragnar Gíslason, greiði hvor um sig kr. 4000.00 í sekt til Menningarsjóðs, og komi í stað hvorrar sektar varðhald í 55 daga, verði sektirnar eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðir greiði in solidum allan sakarkostnað annan en málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærðs Geirs Ragnars, að upphæð kr. 250.00, er kærður Geir Ragnar greiði einn.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.